

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219/1978, um stimpilgjald af váttryggingaskjölum.

1. gr.

2. gr. fellur brott.

2. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. bætist nýr töluliður er verður 8. tölul. og orðast svo:
Líftryggingar sbr. III. kafla laga um váttryggingasamninga.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

Friðrik Sophusson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

REGLUGERÐ

um SMT-tollafgreiðslu.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau þá merkingu sem hér segir:

SMT-tollafgreiðsla: Tollafgreiðsla sem fer fram með þeim hætti að innflytjandi, útflytjandi eða annar sendir viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva (SMT) þær upplýsingar sem láta ber honum í té við tollafgreiðslu vara.

Tollstjórar: Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn í sýslum utan Reykjavíkur.

Tollskýrsla: Aðflutnings-, umflutnings- eða útflutningsskýrsla.

Gjöld: Gjöld og skattar hvers konar sem greiða ber við tollmeðferð vöru t.d. tollur, virðisaukaskattur og vörugjald (aðflutningsgjöld eða útflutningsgjöld).

Leyfishafi: Aðili sem fær leyfi til samskipta við tollstjóra með skjalasendingum milli tölva og getur með þeim hætti ráðstafað vöru til tollmeðferðar.

Skjalasending milli tölva (SMT): Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.

Rammaskeyti: Safn samstæðra gagna sem raðað er saman samkvæmt ákveðnum stöðlum fyrir skeyti til flutnings með rafeindaboðum milli tölva og forniðið er þannig að unnt sé að lesa það í tölvu og vinna sjálfvirkt á vélrænan og ótvíræðan hátt. Rammaskeytin skulu gerð samkvæmt viðurkenndum staðli sem samþykktur hefur verið til nota við tollafgreiðslu af ríkistollstjóra, sbr. staðal Sameinuðu þjóðanna (UN/EDIFACT) fyrir SP-rammaskeyti vegna tollafgreiðslu vara, og í þeim eiga að koma fram sömu upplýsingar og í þeim tollskjölum sem þau eiga að koma í staðinn fyrir og send eru á milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra, auk annarra upplýsinga sem nefndar eru í reglugerðinni.